



TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS Í MEINAFRÆÐI AÐ KELDUM



# Rannsóknir eru undirstaða þróunar og hagsældar í landbúnaði

Rannsóknir og þróun eru undirstaða allra atvinnugreina. Atvinnugrein sem heldur ekki í við framfarir og þróun þrífst ekki eða dafnar til lengdar.

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum eru stundaðar rannsóknir sem tengjast dýraheilbrigði og sjúkdómum í dýrum og mönnum. Þar er veitt ráðgjöf og þjónusta í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómagreininga og sjúkdómavarna fyrir búfé, eldisfiska og önnur dýr. Nemat í líffræði, lífefnafræði, lífeindafræði og dýralækningum vinna rannsóknarverkefni á fræðasviðum stofnunarinnar sem hluta af grunn- eða framhaldsnámi sínu.

Með vaxandi innflutningi, hnattvæðingu og hlýnandi loftslagi má gera ráð fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins í auknum mæli. Fyrir utan hættulega smitsjúkdóma sem herja á búpening og geta valdið fjárhagslegu tjóni eru margir af varasömstu smitsjúkdómum í mönnum svokallaðar súnur (zoonosis), en það eru sýklar sem smitast úr dýrum í fólk (s.s. fuglaflensa, svínaflensa, ebólaveira og fleiri). Þörfin fyrir öflugar rannsóknir á sviði dýrasjúkdóma og dýraheilbrigðis er því vaxandi og rannsóknirnar eru þar að auki nauðsynlegur liður í öruggri fæðuframléiðslu og liður í að viðhalda nauðsynlegu viðbúnaðarstigi.

Líkt og tíðkast á öðrum rannsóknarstofnunum hafa vísindamenn á Keldum sótt stóran hluta af sínu styrkfé í Rannsóknasjóð Rannís og aðra sjóði. Velflestir meistara- og doktorsnemar sem ljúka námi frá stofnuninni hafa þegið styrkfé að hluta eða öllu leyti. Nýliðun starfskrafta og viðhald þekkingar verður aðeins tryggt með menntun og þjálfun nema.

Nú eru blikur á lofti varðandi fjárveitingar í Rannsóknasjóð, en hlutverk hans er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2014 er gert ráð fyrir verulegum niðurskurði. Verði styrkfé minnkað til muna er alveg ljóst að það kippir fótunum undan fjölmörgum rannsóknarverkefnum



Keldur.

við háskóla og rannsóknarstofnanir landsins og setur framtíð þess unga fólks sem í verkefnum vinnur í uppnám. Framleiðnisjóður landbúnaðarins var skorinn að mestu leyti niður fyrir nokkrum árum og endurfjármögnun gengur hægt. Líkja má þessum niðurskurði við óheppilegar skammtímaávarðanir líkt og byrjað væri á því að slátra bestu mjólkurkúnni þegar herðir að, eða gæða sér á kartöfluútsæðinu. Slík öflugþróun er óheillavænleg.

Samfella, sem mjög erfitt er að ná upp að nýju, mun rofna og valda óbætunlegu tjóni og skapa gríðarlega erfiðleika fyrir stofnanir eins og Keldur að viðhalda hlutverki sínu við rannsóknir og greiningar á dýrasjúkdómum.

Allmargar alþjóðlegar greinargerðir benda á að þekkingarsköpun er dýrmæt auðlind sem stuðlar að hagvexti. Samkeppnissjóðir eru viðurkennd leið til að fjármagna rannsóknir og nýsköpun. Almennt er þessi hugmyndafræði viðurkennd á Íslandi en samt hefur verið treðga

hjá stjórnvöldum að skilgreina fjármögnun vegna þekkingarsköpunar og vísindarannsóknir eru fjársveltar. Dæmi eru um að í nágrannalöndum hafi verið brugðist við efnahagskreppu með því að efla samkeppnissjóði. Slíkt hefur opnað leiðir fyrir hagnýtingu nýsköpunar, sem leiðir til aukinnar verðmætasköpunar og styrkir stoðir samfélagsins.

Ljóst er að samkeppnissjóðir eru mikilvæg undirstaða þekkingarsamfélagsins. Mikilvægt er fyrir íslenskt samfélag að snúa ekki af þeirri braut að treysta rannsóknir

og nýsköpunarstarf í landinu. Með því að efla samkeppnissjóði er verið að styrkja háskóla og rannsóknarstofnanir og stuðla að atvinnu- og verðmætasköpun.

Sérfræðingar við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum:

Árni Kristmundsson  
Ástríður Pálsdóttir  
Birkir Þór Bragason  
Bjarnheiður Guðmundsdóttir

Eggert Gunnarsson  
Einar Jörundsson  
Karl Skírnisson  
Matthías Eydal  
Ólöf G. Sigurðardóttir  
Sigríður Guðmundsdóttir  
Sigurbjörg Þorsteinsdóttir  
Sigurður Helgason  
Sigurður Ingvarsson  
Stefanía Þorgeirsdóttir  
Stefán Ragnar Jónsson  
Vala Friðriksdóttir  
Valgerður Andrésdóttir  
Vilhjálmur Svansson  
Þorbjörg Einarsdóttir

## CLAAS Arion 550 comfort



Vélin er mjög vel búin og má þar nefna fjögurra hraða aflúrtak, rafmagns stjórnun á vökvaspólum/ámoksturstaekjum í armhvilu (electropilot) alfjórðandi stórglæsilegt stýrishúsi sem hannað er í samvinnu við bændur, 10 vinnuljós, loftkæling, vökvaskotkrókur, vökvavendigir, vökvaskiptur girkassi 4x6, öryggisbelti í báðum sætum, útvarp/Mp3, afturrúðuþurrka, nestisbox, drykkjarkælir o.m.fl.

Dekk: 600/65R38 480/65R28 Continental

Til viðbótar fylgir veglegur aukahlutapakki til áramóta að andvirði 750.000 kr. Hann inniheldur fjórðandi framhásingu, upphitaða afturrúðu og hlíðarspegla og eitt albesta Grammer ökkumanssæti sem fánlegt er.

Ps. Trima + 4.1 með sveiflujöfnun, þriðja sviði, vökvaskóflulás og 2,2 m skóflu ásett á traktorinn kosta kr. 1.750.000+vsk.

Verð:  
kr. 12.600.000+vsk  
Gengi € kr. 162

165 hestafla 4 cyl. mótór án Ad-Blue búnaðar



VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 600 Akureyri

**MICKEY THOMPSON**  
PERFORMANCE  
TIRES & WHEELS

**JEPPADEKK**

Söluaðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu  
Umboðsaðili: Ictrack ehf. Sími 773 4334

**mtdekk.is**